

Fundargerð

17. stjórnarfundur FHA haldinn 25. október 2010 kl. 14:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB), Rúnar Gunnarsson (RG) og Þóra Rósa Geirsdóttir. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fastur fundartími

Ákveðið var að fastir fundur stjórnar FHA yrðu á þriðjudögum kl. 14:00-15.00.

2. Námssjóður FHA

Rætt var um námssjóð FHA og hvaða breytinga væri þörf á honum. Nefndinni var falið að skoða betur málið í ljósi þeirra upplýsinga sem borist hafa varðandi styrkjamöguleika hjá BHM og þeirrar umræðu sem átti sér stað á fundinum. Afgreiddar voru tvær umsóknir sem falla að sjóðnum eins og hann er auglýstur.

3. Bréf frá Þóri Sigurðssyni

Að svo stöddu liggja ekki nægilegar upplýsingar til þess að taka afstöðu til hans mála. Það er þó ljóst að stjórnin verður að ganga í málið og afgreiða hans mál í síðasta lagi á næsta stjórnarfundum. HS falið að senda honum línu um stöðu mála. ESF og RG falið að setja saman tillögu um heiðursfélaga aðild.

4. Önnur mál

- a) *Háskólafundur*. Rætt var um könnunina og kosninguna sem starfsmannafélögin stóðu fyrir um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð í aðdraganda háskólafundar og þau framboð sem liggja fyrir háskóla­fundum. Stjórnarmenn skiptust á skoðunum varðandi málið.
- b) *Kröfugerð*. Ljóst er að aðildarfélag BHM eru mörg hver að vinna að kröfugerð og hafa óskað eftir samningaviðræðum við ríkið um kjarasamninga. Stjórn FHA vísar því til samninganefndar FHA að skoða málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30